

9.tbl.

23.mars.2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Aðalfundur Búnaðarfélags Reykdæla,

verður haldinn í Dalakofanum

fimmtudaginn 31. mars kl. 14.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

BÍLSKÚRSSALA Á EINARSSTÖÐUM REYKJADAL

SUNNUDAGINN 27.MARZ KL. 11.00 -17.00

TIL SÖLU ERU ÝMSIR HLOTIR Á GÓÐU VERÐI.
VERKFÆRI . SLÁTTUORF-SLÁTTUVÉL-HJÓLBÖRUR
ÍSLENZKAR

BRAUÐVÉL-OG FL.OG FL.

SÖLUSTJÓRI HJÖRDÍS SÍMI 8208620



Fundargerð

316. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna, fimmtudaginn 17. mars 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlööversdóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Freydis Ingvarsdóttir, Einar Kristjánsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

Í upphafi fundar óskaði varaoddviti eftir að bæta tveimur málum á dagskrá, annars vegar undir 7. lið; 1902020 - Framhaldsskólinn á Laugum: Umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi og hins vegar undir 8. lið; 2203016 - Tónkvísl 2022: Styrkbeiðni. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerð - 1804018

Lögð fram fundargerð 146. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 10.02.2022. Jóna Björg gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í níu liðum.

2. liður fundargerðar; Breiðamýri læknishús, stækkun lóðar - 2202017

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og felur byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna stofnunar lóðarinnar eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

7. liður fundargerðar; Efnistaka við Langavatn, framkvæmdaleyfi - 2203002

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. liður fundargerðar; Efnistaka úr Kambsáreyrum, framkvæmdaleyfi - 2203001

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

2. Sveitarstjórnarkosningar 2022: Yfirkjörstjórn - 2202029

Lögð fram auglýsing innviðaráðuneytis dags. 3. mars 2022 um staðfestingu á samningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í eitt sveitarfélag. Auglýsingin mælir fyrir um að sveitarstjórnir sveitarfélaganna kjósi sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils, skv. 14. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórnar, skulu vera undirkjörstjórnir í hvoru sveitarfélagi fyrir sig við sveitarstjórnarkosningar.

Sveitarstjórn kys til setu í yfirkjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninga 2022:

Bjarna Höskuldsson, Tryggva Þórhallsson og Dagnýju Pétursdóttur. Varamenn eru Sigrún Marinósóttir, Ragnheiður Arnadóttir og Jón Þórólfsson.

Sveitarstjórn kys til setu í undirkjörstjórn í Þingeyjarsveit vegna sveitarstjórnar-

*kosninga 2022, sbr. einnig 2. mgr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga:
Gísla Sigurðsson, Stein Jóhann Jónsson og Ólinu Arnkelsdóttur, Varamenn eru
Mjöll Matthíasdóttir, Hávar Örn Sigtryggsson og Katla Valdís Ólafsdóttir.*

3. N4 ehf.: Samstarf ellefu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra: Kostnaðarskipting - 2201005

Lagt fram bréf frá Eyþóri Björnssyni f.h. SSNE, dags. 24.02.2022 um samstarf sveitarfélaga innan SSNE og N4, ásamt kostnaðarskiptingu í framhaldi af bréfi sem framkvæmdastjóri N4 sendi sveitarfélögum þann 17. desember s.l.

Í bréfinu er kynnt tillaga að samkomulagi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og N4 um kynningarmál. Einnig lögð fram drög að samkomulagi milli SSNE f.h. 12 sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og N4 ehf. vegna þáttagerðar og sýninga á miðlum N4 árið 2022.

Sveitarstjórn samþykkir að Þingeyjarsveit taki þátt í samstarfinu á þeim grunni sem lagt er til í bréfi SSNE. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

4. KPMG ehf. - Stjórnsýsluskoðun 2021 - 1901046

Lögð fram skýrsla frá KPMG um stjórnsýsluskoðun Þingeyjarsveitar 2021. Samhliða vinnu við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2021 hefur verið kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir af hálfu þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrgja fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi skýrslu.

5. Lionsumdæmið á Íslandi: Styrkbeiðni - 2202032

Lagt fram bréf frá Þorkeli Cýrussyni, fjölumdamastjóra Lions og Sigþóri U. Hallfreðssyni, formanni Blindrafélagsins, dags. 23.02.2022. Lionshreyfingin og Blindrafélagið hafa tekið höndum saman um átak til að tryggja framboð af leiðsöguhundum í landinu til nýrra notenda og til endurnýjunar þeirra hunda sem nú þegar eru til staðar. Óskað er eftir fjárframlagi frá sveitarfélaginu til fyrsta hluta verkefnisins.

Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð 50.000 kr. sem rúmast innan fjárhagsáætlunar 2022.

6. Ályktun um innrás Rússa í Úkraínu - 2203008

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar fordæmir harðlega innrás Rússa í Úkraínu.

Sveitarstjórn lýsir sig reiðubúna til þátttöku í samstarfsverkefni um móttöku flóttafólks og felur sveitarstjóra að vinna að undirbúningi málsins fyrir hönd sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn vill hvetja íbúa sveitarfélagsins sem hafa húsnæði aflögu að skrá það hjá Fjölmenningssetri www.mcc.is

7. Framhaldsskólinn á Laugum - Umsógn vegna umsóknar um tækifærisleyfi - 1902020

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra dags. 10.03.2022 þar sem Andri Hnikarr Jónsson, forsvarismaður, sækir um tækifærisleyfi vegna Tónkvíslar - Söngkeppni Framhaldsskólans á Laugum í íþróttahúsinu á Laugum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt tækifærisleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá byggingarfulltrúa og heilbrigðis og eldvarnareftirlitinu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

8. Tónkvísl 2022; Styrkbeiðni - 2203016

Lagt fram bréf frá nemendafélagi Framhaldsskólans á Laugum þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð 500 þús.kr. vegna Tónkvíslar 2022.

Sveitarstjórn samþykkir styrk til verkefnisins að fjárhæð 500 þús.kr. og samþykkir þá upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun 2022 sem mætt verður með handbæru fé.

9. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð - 1804006

Fundargerð 907. fundar stjórana Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar.

10. Samráðs- og upplýsingafundur til undirbúnings stefnumótunarvinnu á landsþingi sambandsins í september 2022 - 2203007

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 21.02.2022.

Lagt fram til kynningar.

11. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga - 2203006

Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 11.02.2022.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 15:51



Háls-Ljósavatns-og Lundarbrekkusóknir

Kyrrðarsstund verður fimmtudaginn
31.mars kl.20.00 í Þorgeirskirkju.

Það er gott að koma í Guðs hús og kyrra hugann.

Allir velkomnir

Í Guðs friði
sr.Gunnar Einar Steingrímsson

Málarameistari

Kristján Jónsson löggildur málarameistari
er fluttur á Litluvelli Bárðardal.

Endilega hafðu samband í síma 8610006
(5873157) eða kiddijons63@gmail.com
ef þú þarft að láta mála hjá þér.

Bíð spenntur að heyra frá þér.

Aðalfundur

kvenfélags Mývatnssveitar

verður haldinn miðvikudaginn 6 apríl kl 20:00
í Skjólbrekku.

Venjuleg aðalfundarstörf. Önnur mál.

Nýir félagar boðnir velkomnir.

Kveðja stjórnin.

Frá Félagi eldri borgara Þingeyjarsveit.

Eldri borgarar í Þingeyjarsveit!

Vorferðin er áætluð 10 til 13 júní 2022. Við vonum að allar pestir verði þá á brott.

Fyrsta daginn tökum við snemma, auglýst verður síðar hvar safnað verður í rútuna.

Þá förum við austur fjöll, og alla leið á hótél Smyrlabjörg í Suðursveit, þar verðurgist í tvær nætur, en á leiðinni munum við stoppa eftir þörfum til hressingar.

Annan daginn skoðum við vesturhluta Skaftafellssýslu, með kunnugum leiðsögumanni. ræðst þá hvað langt verður farið en aftur förum við á Smyrlabjörg um kvöldið.

Þriðja daginn skoðum við svo austur hlutan og endum á Staðarborg í Breiðdal til gistingar.

Fjórtá daginn dólum við svo heim, og skoðum okkur eitthvað um á leiðinni.

Kvöldverður og morgunverður á hótélunum, en eitthvað léttara á daginn súpa eða !!

Kostnaður á mann ætti að verða viðráðanlegur því að við eigum uppsafnað hjá sveitafélaginu vannýtt fé síðustu tveggja ára. Þessi ferð er opinn öllum íbúum Þingeyjarsveitar sem náð hafa 60 ára aldri, hvort sem þeir eru í félagi eldri borgara eða ekki.

Þátttöku þurfum við að vita ekki seinna en 3 apríl.

Fyrir hönd ferðarnefndar Davíð í Hrísgarði sími 4626981.



Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2022. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið hlynur@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi 19. apríl nk.

Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2022. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið hlynur@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi 19. apríl nk.

Reglur um úthlutun má finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar og við minnum fyrri styrkþega á að skila inn greinargerð um framgang verkefna og ráðstöfun styrkja.

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar

HÚSASMÍÐJAN

Söluskrifstofa á Húsavík

Jón Þormóðsson, söluráðgjafi: 664 3659
Netfang: nonnith@husa.is

Afgreiðslutími
Virka daga: 08:00-12:00



Íbúafundur um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs í Þingeyjarsveit

Fimmtudaginn 31. mars nk. kl. 20 boðar Vatnajökulsþjóðgarður til fundar í félagsheimilinu Kíðagili í Bárðardal. Markmið fundarins er að kynna starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs og fara yfir þau verkefni sem framundan eru á svæðinu vegna stækkunar þjóðgarðsins á austuraf-rétt Bárðdæla.

Dagskrá fundar:

- 20:00 Anna Þorsteinsdóttir þjóðgarðsvörður Vatnajökuls þjóðgarðs setur fundinn.
 - 20:05 Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- orku- og loftslagsráðherra.
 - 20:15 Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatna jökulsþjóðgarðs.
- Almennar upplýsingar um þjóðgarðinn.
 - 20:25 Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökuls þjóðgarðs.
- Stjórnskipulag og hlutverk þjóðgarðsins.
 - 20:40 Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála hjá Vatnajökulsþjóðgarði.
- Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir austuraf rétt Bárðdæla.
 - 20:55 Árni Bragason, landgræðslustjóri.
- Grólinn, endurheimt vistkerfa og aðkoma bænda.
 - 21:05 Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræði stofnunar Íslands.
Verndargildi austurafréttar Bárðdæla og vöktun náttúruverndarsvæða.
- Umræður
- 22:00 Áætluð lok fundar

Allir hjartanlega velkomnir

Vatnajökulsþjóðgarður